# Bergrisinn bs.

## Ársreikningur 2019

*Bergrisinn bs.*
*Kennitala 570915-0290*
*Austurvegi 2, 800 Selfoss*

**Efnisyfirlit** bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar | 2 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 3 - 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 - 9 |



*Bergrisinn bs.*
*Kennitala 570915-0290*
*Austurvegi 2, 800 Selfoss*

# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er að halda utan um samstarf sveitarfélaga á Suðurlandi um rekstur og málefni fatlaðs fólks.

## Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

## Framtíðaráform

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á rekstri félagsins.

## Atburðir eftir lok reikningsárs

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 kann að hafa áhrif á starfsemi félagsins. Stjórn félagsins mun vinna að lágmörkun neikvæðra áhrifa á rekstur þess en óvíst er hver þau verða.

Stjórn Bergrisans bs. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Selfoss, 7. júlí 2020

Stjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Bergrisans bs.

*Álit*
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bergrisans bs. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu byggðasamlagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

*Grundvöllur álits*
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð byggðasamlaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi byggðasamlagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum*
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum byggðasamlagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning byggðasamlagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa byggðasamlagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi byggðasamlagsins. Stjórnendum byggðasamlagins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

*Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins*
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að byggðasamlagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Selfoss, 7. júlí 2020

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Ólafur Gestsson
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2019

| | Skýringar | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 3 | | |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | | 1.382.803.945 | 1.410.018.082 |
| Framlög aðildarsveitarfélaga | | 235.680.000 | 215.160.000 |
| Aðrar tekjur | | 0 | 550.000 |
| | | 1.618.483.945 | 1.625.728.082 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Rekstrarframlög | | 1.530.051.990 | 1.510.612.718 |
| Stuðningsfjölskyldur | | 18.095.949 | 9.673.267 |
| Samningur við Árborg, umsýslukostnaður | | 26.378.163 | 23.948.577 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 44.721.869 | 81.853.930 |
| | | 1.619.247.971 | 1.626.088.492 |
| **Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | | (764.026) | (360.410) |
| Afskriftir | 6 | (2.218.642) | (1.246.000) |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | (2.982.668) | (1.606.410) |
| **Fjármagnsliðir** | 4 | | |
| Vaxtatekjur | | 3.829.987 | 2.060.657 |
| Fjármagnstekjuskattur | | (842.597) | (453.344) |
| Vaxtagjöld | | (4.722) | (903) |
| | | 2.982.668 | 1.606.410 |
| **Afkoma ársins** | | 0 | 0 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýringar | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6 | | |
| Fasteign | | 47.659.458 | 48.632.100 |
| Bifreið | | 3.738.000 | 4.984.000 |
| | | 51.397.458 | 53.616.100 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Krafa á Jöfnunarsjóð | 7 | 148.520.802 | 255.896.156 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 7 | 43.629.264 | 8.256.465 |
| Handbært fé | 8 | 68.544.633 | 4.463.799 |
| | | 260.694.699 | 268.616.420 |
| **Eignir samtals** | | 312.092.157 | 322.232.520 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýringar | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 9 | 0 | 0 |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Viðskiptaskuldir | 10 | 312.092.157 | 322.232.520 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 312.092.157 | 322.232.520 |
| **Aðrar upplýsingar** | 11 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2019

| | Skýringar | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 0 | 0 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 6 | 2.218.642 | 1.246.000 |
| | | 2.218.642 | 1.246.000 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 72.002.555 | (67.808.482) |
| Skammtímaskuldir | | (10.140.363) | 70.538.892 |
| | | 61.862.192 | 2.730.410 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 64.080.834 | 3.976.410 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | | 0 | (48.632.100) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 64.080.834 | (44.655.690) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 4.463.799 | 49.119.489 |
| **Handbært fé í árslok** | 8 | 68.544.633 | 4.463.799 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Bergrisinn bs er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

## 3. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af framlögum Jöfnunarsjóðs, aðildarsveitarfélaga og styrkjum.

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar við móttöku greiðslu. Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og annarra krafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru gjaldfærð við greiðslu.

## 5. Tekjuskattur

Starfsemi félagsins fellur undir 4. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003 og er ekki tekjuskattsskylt.

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteign | Bifreið | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. | 48.632.100 | 6.230.000 | 54.862.100 |
| Afskrifað 1.1. | 0 | 1.246.000 | 1.246.000 |
| Afskrifað á árinu | 972.642 | 1.246.000 | 2.218.642 |
| Afskrifað 31.12. | 972.642 | 2.492.000 | 3.464.642 |
| | 47.659.458 | 3.738.000 | 51.397.458 |

Fasteignamat fasteignar félagsins í lok árs nemur 43.050.000, vátryggingaverðmæti nemur kr. 54.700.000.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Engar afskriftir eru færðar á kaupári.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 50 ár |
| Bifreið | 5 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, framhald

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## 7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

## 8. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

## 9. Eigið fé

Yfirlit um breytingu eiginfjárreikninga:

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Staða 1/1 | 0 |
| Afkoma ársins | 0 |
| Staða 31/12 | 0 |

## 10. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## 11. Aðrar upplýsingar

Fjárkrafa hefur verið gerð á hendur Bergrisanum bs vegna kostnaðar við rekstur heimilis fyrir fatlaða einstaklinga, sem nú hefur hætt störfum. Fjárhæð kröfunnar er um 25 millj. króna og hefur verið þingfest stefna vegna hennar. Það er mat stjórnar Bergrisans bs að krafan eigi ekki við rök að styðjast og mun Bergrisinn bs taka til varna í málinu.

# Sundurliðanir

## Tekjuframlög aðildarsveitarfélaga

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Árborg | 97.248.000 | 87.432.000 |
| Bláskógabyggð | 11.280.000 | 10.224.000 |
| Flóahreppur | 5.976.000 | 6.024.000 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 4.704.000 | 4.488.000 |
| Hrunamannahreppur | 7.752.000 | 7.464.000 |
| Hveragerðisbær | 26.928.000 | 24.744.000 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 7.104.000 | 6.384.000 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 22.704.000 | 21.048.000 |
| Ásahreppur | 2.664.000 | 2.760.000 |
| Mýrdalshreppur | 8.280.000 | 6.768.000 |
| Rangárþing eystra | 18.192.000 | 17.184.000 |
| Rangárþing ytra | 16.488.000 | 15.072.000 |
| Skaftárhreppur | 6.360.000 | 5.568.000 |
| | 235.680.000 | 215.160.000 |

## Rekstrarframlög

| | | |
|---|---|---|
| Árborg, Vallholt 9 | 97.416.193 | 92.566.936 |
| Árborg, Vallholt 12-14 | 92.545.993 | 87.648.389 |
| Vallholt 27 - Búsetuúrræði fyrir börn | 78.509.016 | 2.504.800 |
| Árborg, Þjónustumiðstöð Álftarima | 198.834.493 | 150.326.271 |
| Árborg, VISS | 87.927.732 | 80.075.014 |
| Greiðslur vegna NPA og lengdrar viðveru | 39.284.040 | 17.300.445 |
| Hveragerðisbær, Birkimörk | 110.240.778 | 101.215.279 |
| Sveitarfélagið Ölfus, Selvogsbraut | 106.946.211 | 99.526.288 |
| Sveitarfélagið Ölfus, VISS | 21.974.883 | 22.013.762 |
| Sambýlið Breiðabólsstaður slf | 84.863.748 | 84.863.748 |
| Sambýlið Kerlingardal ehf | 10.155.088 | 37.850.232 |
| Skaftholt, sjálfseignarstofnun | 116.144.284 | 98.995.728 |
| Sólheimar ses | 528.360.000 | 507.338.618 |
| Hjúkrunarheimilið Fellsendi | 6.223.581 | 0 |
| Óútdeild framlög | (49.374.050) | 128.387.208 |
| | 1.530.051.990 | 1.510.612.718 |

## Annar rekstrarkostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Aðkeypt þjónusta | 38.494.552 | 80.155.900 |
| Endurskoðun | 1.182.345 | 1.057.933 |
| Lögfræðikostnaður | 2.492.350 | 0 |
| Rekstur bifreiðar | 277.358 | 414.279 |
| Rekstur fasteignar | 1.452.351 | 0 |
| Annar kostnaður | 822.913 | 225.818 |
| | 44.721.869 | 81.853.930 |

# Sundurliðanir

## Viðskiptaskuldir

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Árborg | 161.734.609 | 85.189.947 |
| Hveragerðisbær | 0 | 6.566.101 |
| Félagsþjónusta Rangárvallasýslu og Vestur Skaftafellssýslu | 1.592.530 | 281.422 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 1.104.331 | 16.266.640 |
| Skaftholt, sjálfseignarstofnun | 11.500.000 | 0 |
| Kaup á Vallholti 27 | 0 | 29.000.000 |
| Fossraf | 35.278 | 0 |
| Verkís hf | 141.174 | 0 |
| Hrunamannahreppur | 240.000 | 0 |
| Lögmenn Suðurlandi ehf | 189.875 | 0 |
| Óútdeildur rekstrarafgangur | 135.554.360 | 184.928.410 |
| | 312.092.157 | 322.232.520 |